

Alþingi
Erindi nr. P 140/68
komudagur 10.11.2011

Alþingi
B.t. Nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. nóvember 2011

Umsagnaraðili: Stýrihópur um vistvæn innkaup
Þingmál: Þingskjal 7 - 7. mál

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi

Stýrihópur um vistvæn innkaup fagnar vandaðri umfjöllun um grænt hagkerfi í tillögu atvinnuveganefndar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Með umsögn okkar viljum við sýna stuðning okkar við þær tillögur sem snúa að vistvænum innkaupum.

Um verkefnið vistvæn innkaup

Verkefnið Vistvæn innkaup (VINN) er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um að efla vistvæn innkaup á Íslandi og aðstoða opinbera aðila við að innleiða þau á einfaldan og hagkvæman hátt. Í stýrihópi verkefnisins eru fulltrúar frá umhverfisráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Hafnarfjarðarbæ og Reykjavíkurborg. Í vinnuhópi verkefnisins eru fulltrúar frá fjármálaráðuneyti, Ríkiskaupum og Umhverfisstofnun.


Verkefnið er mikilvægur liður í að innleiða og fylgja eftir stefnu um vistvæn innkaup ríkisins sem var samþykkt af ríkisstjórn í mars 2009, en hún er jafnframt aðgerðaráætlun Íslands um vistvæn opinber innkaup. Stefnan heyrir undir innkaupastefnu ríkisins og hefur að markmiði að minnka umhverfisáhrif opinberra innkaupa og bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem bjóða umhverfisvænni valkosti. Innan verkefnisins er unnið að fjölmörgum aðgerðum sem styðja við innleiðingu stefnunnar s.s. vef (vinn.is), fræðslu, umhverfisskilyrðum fyrir útboð, gátlistum fyrir almenn innkaup, hjálfun fyrir innkaupafólk og mælikvörðum fyrir vistvæn innkaup.

Um tillögur nr. 8-12 tengdum vistvænum innkaupum

Vistvæn innkaup eru áhrifarík leið til að styðja við þróun græns hagkerfis. Með þeim má draga úr umhverfisáhrifum hins opinbera, lækka kostnað, hvetja til vistvænnar nýsköpunar í atvinnulífinu og auka framboð af vistvænum vörum og þjónustu.

Við í stýrihópi vistvænna innkaupa teljum að tillögur nr. 8-11 séu mikilvægar og nauðsynlegar til að efla frekari þróun og innleiðingu vistvænna innkaupa hins opinbera á Íslandi. Við styðjum þær því heils hugar. Eins fögnum við tillögu nr. 12 og teljum að hún styðji við vistvæn innkaup með nýrri nálgun.

Virðingarfyllt,
f.h. stýrihóps vistvænna innkaupa


Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, formaður